Ed. **486. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um sparisjóð Árnessýslu.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað þetta mál allítarlega. Væntir hún þess, að stjórn Landsbankans sjái sjer fært að verða við þeirri málaleitun, er tillagan fer fram á. Treystir nefndin því, að hæstvirt landsstjórn geri sitt ýtrasta til að ná samningum um þetta mál á þeim grundvelli, er þingsályktunartillagan ber með sjer. Að öðru leyti vísast til greinargerðar fyrir tillögunni.

Nefndin ræður því hv. deild til að samþykkja þingsályktunartillögu þessa eins og hún liggur fyrir.

Alþingi, 29. april 1924.

Sig. Eggerz, form. Ingvar Pálmason, frsm. Björn Kristjánsson, fundaskrifari.

Jónas Jónsson, með fyrirvara. Jóh. Þ. Jósefsson, með fyrirvara.